

Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar ehf. er varðar fiskeldi

Ráðherra er þakkað það frumkvæði að fara þá leið að kalla eftir umsögnum um áherslur og fyrirhugað verklag matvælaráðherra við stefnumótun á sviði matvæla.¹ Bundnar eru miklar vonir um að nú verði faglega og heiðalega staðið að stefnumótunarvinnu fyrir fiskeldi. Undanfarið hefur verið gagnrýnd sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi sem samþykkt voru sem lög frá Alþingi Íslendinga árið 2019.² Í byrjun þessa árs hóf undirritaður í hálfu starfi að vinna við *Samfélagsverkefni gegn spillingu*.³ Yfirlit um málið er að finna á lagareldi.is.⁴ Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á sjavarutvegur.is⁵

Reynum að vinna faglega

Staðreyndin er sú að uppbygging sjókvíaeldis á Íslandi hefur verið leidd af í of miklu mæli íslenskum leppum og erlendum fjárfestum sem hafa haft að leiðarljósi mikinn fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Vinnubrögðin sem hafa viðgengist falli undir skilgreininguna „að fanga ríkisvaldið“. Það er með ólíkindum að „ólígarkar“ hafi getað vasast í stefnumótun stjórnvalda og mótað leikreglurnar til að þjóna eigin hagsmunum.⁶ Skýrast dæmið er skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá 2017.⁷ Undirritaður hefur gert alvarlegar athugasemdir um þau vinnubrögð sem þar voru viðhöfð.⁸ ⁹ Það er kominn tími til að fara að vinna faglega og heiðarlega að uppbyggingu fiskeldis á Íslandi, með langtímahugsun að leiðarljósi.

Stefnumótun

„Til að vinna að þessari stefnumótun er lagt upp með að fá að borðinu innlenda og erlenda sérfræðinga og ráðgjafarfyrirtæki. Vinnunni yrði stýrt af MAR en aðkoma hagaðila tryggð með samráði á skilgreindum tímapunktum í ferlinu“.

Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda og greinarinnar varð að stefnumótun íslenskra leppa og erlendra fjárfesta til mikils fjárhagslegs ávinnings þar sem eldisleyfin voru gerð að miklum verðmætum með að skrá félögin á erlendan hlutabréfamarkað. Ávinningurinn var langt yfir 100 milljarða króna.¹⁰ Stefnumótunin um fiskeldi var gefin út árið 2017¹¹ og tillögurnar afgreiddar frá Alþingi Íslendinga sem lög um fiskeldi á árinu 2019.¹² Það sem er e.t.v.

¹ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3162](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3162)

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008071.html>

³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/02/Er-refsivert-a-gagnrna-spillingu--Vinnan-framundan.pdf>

⁴ <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

⁵ https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/11/19.-Morgunbladid-2021-10-25.pdf>

⁷ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9d0e56b5-87fa-11e7-9419-005056bc4d74>

⁸ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2020/04/3.-Morgunbla%C3%B0i%C3%B0-2020-02-17.pdf>

⁹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2020/04/4.-Morgunbla%C3%B0i%C3%B0-2020-02-22.pdf>

¹⁰ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/09/16.-Baendabladi-2021-08-26.pdf>

¹¹ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9d0e56b5-87fa-11e7-9419-005056bc4d74>

¹² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008071.html>

Áhugaverðast í stefnumótuninni var þar sem lagt var til að ekki væri tekið fyrir s.s. eignarhald¹³ og stærð fyrirtækja.¹⁴ Eitthvað virðast sumir þingmenn vera að byrja átta sig á málinu og í því samhengi liggur nú fyrir þingsályktunartillaga¹⁵ þar sem skoða á eignarhald.¹⁶ Engar takmarkanir á eignarhald og stærð fyrirtækja var grunnurinn að því að hægt var að fara með félögin á erlendan hlutabréfamarkað og ná þar miklum fjárhagslegum ávinningi. Við skulum læra af fyrri mistökum og við stofnun á nýjum starfshópi um stefnumótun í fiskeldi og vinnuna framundan er mikilvægt að vandað sé til verka og haft að leiðarljósi:

- a) *Vanda valið*: Koma í veg fyrir að í starfshópnum séu aðilar sem eru eingöngu að vinna að sínum eigin sérhagsmunum til mikils fjárhagslegs ávinnings.
- b) *Vinna faglega*: Koma í veg fyrir að íslenskir leppar komi sínum mönnum fyrir í ráðuneytinu.
- c) *Rýna*: Mikilvægt er að tillögurnar séu rýndar af óháðum fagaðilum til að koma í veg fyrir mikinn fjárhagslegs ávinnings ákveðinna aðila innan starfshópsins á kostnað annarra sem ekki hafa aðgang að borðinu.
- d) *Setja hindranir*: Mikilvægt er að innan ráðuneytis og Alþingi Íslendinga sé farið mjög vel yfir tillögurnar til að koma í veg fyrir að hagnaðurinn af auðlindinni fari að mestu úr landi.

Samkeppnishæfni

„Greina þarf starfsumhverfi greinarinnar hérlendis í samanburði við samkeppnislönd og kanna samkeppnishæfni hennar“.

Að sjálfsgöðu væri ánægjulegt að geta byggt upp öflugt og umfangsmikið fiskeldi á Íslandi. Þá er mikilvægt að gegnið verði út frá réttum forsendum. Það er full ástæða að hafa áhyggjur af samkeppnishæfni á mörgum núverandi og fyrirhuguðum áformum við uppbyggingu sjókvíaldis og jafnvel landeldis hér á landi. Varðandi sjókvíaldið þá er Ísland á jaðarsvæði og framvindan mun að stórum hluta ráðast af þróun í sjávarhita og markaðsverði þar sem almennt má gera ráð fyrir hærri framleiðslukostnaði hér á landi en í flestum samkeppnislöndum.

Það er ánægjulegt að stjórnvöld ætla að fara í þá vinnu að kanna samkeppnishæfni greinarinnar. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði fengnir óháðir fagaðilar. Sjálfsgöðu geta einstök fyrirtæki tekið sína ákvörðun að fjárfesta í áhættuverkefnum. Mikilvægt er að stjórnvöld láti greina samkeppnishæfni laxeldis áður en hið opinbera setur verulega fjármuni í innviðauppbyggingu og tryggi þannig sem best nýtingu opinberra fjármunum og hafi eftirfarandi í huga varðandi vinnubrögðin sem hafa tíðkast fram að þessu:

- ✓ *Ekkert framlag*: Margir eigendur laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra eru ekki að leggja neina fjármuni í uppbygginguna.
- ✓ *Kunnugleg vinnubrögð*: Þau vinnubrögð minna á margt á það sem gerðist fyrir hrun.
- ✓ *Fjármagnað með eldisleyfum*: Uppbyggingin er í raun að mestu fjármögðuð með eldisleyfum sem hafa verið gerð að miklum verðmætum við skráningu á erlenda hlutabréfamarkaði.

Eitt að þeim verkefnum sem undirritaður er að vinna við er greining á vinnubrögðum, rekstri og rekstrarforsendum laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlenda aðila og mun birta niðurstöður í vor og sumar. Samkeppnishæfni laxeldis á Íslandi er það sem þarf að hafa mestar áhyggjur af með lækkandi markaðsverði með auknu framboði. Við getum stjórnað umhverfisáhrifum laxeldis en samkeppnishæfni ræðst að mestu af ytri þáttum sem við höfum enga stjórn á.

¹³ <https://sjarvarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/10/18-Morgunbladid-2021-10-12.pdf>

¹⁴ <https://sjarvarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/10/17-Morgunbladid-2021-09-27.pdf>

¹⁵ <https://www.althingi.is/altxt/152/s/0598.html>

¹⁶ <http://www.bb.is/2022/03/eignarhald-i-laxeldi-a-island/>

Dýravelferð

„Skapa þarf ramma þar sem áhersla er á gæði, heilbrigði og dýravelferð og þar með verðmæti fremur en magn“.

Ísland er á jaðarsvæði til sjókvíaeldis fyrst og fremst vegna lágs sjávarhita yfir köldustu vetramánuðina.^{17 18} Sundgeta laxfiska ákvarðast af sjávarhita og er minni eftir því sem hitinn er lægri. Það er því mikil áskorun fyrir fiskinn að standast mikla strauma og haföldu á svæðum utarlega í fjörðum. Græðgin hefur verið svo mikil að helga sér sem mest af eldissvæðum til fjárhagslegs ávinnings að fjölmörg núverandi og fyrirhuguð svæði eru því sem næst fyrir opnu hafi eins og vel kemur fram á mælaborði fiskeldis.¹⁹ Á opnum svæðum verður erfitt að tryggja velferð fisksins með notkun á hefðbundinni eldistækni. Það sem framkvæmdaaðilar geta augljóslega ekki haft vit fyrir sjálfum sér sem m.a. hefur komið fram í miklum afföllum á fiski í sjókvíum er mikilvægt að útbúa reglur til tryggja ásættanleg velferð fisksins. Setja þarf reglur um:

- ✓ *Staðsetning:* Þær umhverfisaðstæður sem þurfa vera til staðar til að tryggja velferð fisksins. Það felur m.a. í sér kröfur um hámarks lóðréttan og lágrétta strauma eða hreyfinga inn í eldiskvíum miðað við ákveðið lágmarks sjávarhitastig.
- ✓ *Búnaður:* Lágmarks kröfur um búnað sem notaður er á svæðum þar sem straumar eru miklir, sjávarhiti lágur og hafalda ríkir til að tryggja ásættanlegt umhverfi fyrir fiskinn og velferð hans.
- ✓ *Þéttleiki:* Eldisfiskur leitar niður í kvína við óhagstæð skilyrði og þar verður mikill þéttleiki af fiski. Minnka þarf heimildir sumra laxeldisfyrirtækja um hámarks kg af fiski á rúmmetra.
- ✓ *Meðhöndlun:* Setja þarf kröfur/reglur um meðhöndlun á eldisfiski sem hafa það að markmiði að undirbúa hann betur undir köldustu vetramánuðina, tryggja velferð og til að koma í veg fyrir eða draga verulega úr afföllum á fiskinum þegar sjávarhiti fer niður að 0°C eða undir.

Leyfisveitingar

„Á meðan vinnu að stjórnsluúttekt og stefnumótun er beðið verður dregið úr útgáfu nýrra leyfa til fiskeldis. Er lagt upp með að klára þær umsóknir sem liggur fyrir að afgreiða skuli á grundvelli bráðabirgðaákvæðis, en láta þar við sitja þar til stefnumótun er lokið“.

„Tryggja þarf að vistkerfisnálgun og varúðarreglan ráði för við veitingu leyfa og þróun greinarinnar“.

Í þessu samhengi skal haft í huga að þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við umhverfismöt og vinnu við leyfisveitingar á þeim málum sem nú eru í ferli standast ekki alltaf lög og reglur. Í sumum tilvikum, og þá er skýrasta dæmið Ísafjarðardjúp, munu fyrirhuguð leyfi valda umhverfisslysi að óbreyttu, engum til gagns og öllum til tjóns. Þar hefur hvorki vistkerfisnálgun eða varúðarnálgun verið höfð að leiðarljósi. Í því samhengi er bent á að skoða matskýrslur laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila sem er að finna á vef Skipulagsstofnunar.^{20 21} Almennt má segja að í umhverfismötum laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila að lítið hefur verið gert úr neikvæðum umhverfisáhrifum og lítil áhersla lögð á mótvægisáðgerðir og hafa fyrirtækin komist upp með það.

Mikilvægt er að hafa í huga að skammtímahugsun er almennt ríkjandi, að fá eldisleyfi og þannig auka verðmæti félaganna sem eru flest á erlendum hlutabréfamörkuðum. Eldisleyfin eru

¹⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2016/05/Sjoeldi-Umhverfismot-og-eldistaekni-thorskaskyrsla-kafli4-2007.pdf>

¹⁸ <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/fjolrit-136.pdf>

¹⁹ <https://landupplýsingar.mast.is/?z=7&lat=65.42386356&lng=-18.78605469>

²⁰ <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsaetlanir/nr/904>

²¹ <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsaetlanir/nr/919#tmat>

verðmætin og t.d. í tilfalli Arnarlax þá er í ferli tvö leyfi upp á 14.500 tonna hámarks lífmassa og eru verðmætin áætluð 23 milljarða króna.²²

Það hefur almennt verið skortur á langtímahugsun þar sem umhverfismál, eignir Íslendinga og hagsmunir samfélaga hafi verið hafðir að leiðarljósi. Það er því skynsamlegt að stoppa af sumar umsóknir sem eru í ferli. Í mínu Samfélagsverkefni gegn spillingu verður farið í og lýst aðferðafræðinni og vinnubrögðum laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila við að lágmarka kostnað við umhverfismál og því miður stundum með stuðningi þeirra opinberu aðila sem móta og setja reglurnar.

Umhverfismálin

„Skoða þarf umhverfisáhrif greinarinnar og í því samhengi þarf sérstaklega að kanna rannsóknir á lífríki hafsins og áhrif greinarinnar á það sem og villta laxastofna“.

Varðandi umsögn mín við fiskeldisfrumvarpið á árinu 2019 var niðurstaðan „Íslendingar munu standa að baki nágrannalöndum í umhverfismálum laxeldis er varðar erfðablöndun, laxalús, heilbrigðismál og lífrænt álag“.²³ Því miður er þessi fullyrðing ennþá að mestu í fullu gildi:

- ✓ **Erfðablöndun:** Ísland er sennilega eina landið í heimi þar sem erfðablöndun er heimiluð skv. lögum og er það í raun eina sem segja þarf um áhættumat erfðablöndunar. Hafrannsóknastofnun ræður greinilega ekki við þetta verkefni og vinnan framundan hjá stofnunni mun felast í að verja og fela mistökin sem voru gerð. Hér gott dæmi um að skynsamlegt er að leita ráðgjafar til óháðra erlendra sérfræðinga sem myndu leggja mat á stöðuna og kom með tillögur um skynsama leið út úr ógöngunum. Hér er hægt að fara aðra leiðir eins og t.d. í tilfalli Norðmanna þar sem eldislaxar eru fjarlægðir úr veiðiám fyrir hrygningu með góðum árangri eins og undirritaður hefur lagt til.²⁴ Því fylgir mikill kostnaður fyrir umhverfissóðana að taka til eftir sig og ekki allir sáttir við það. Áhættumat erfðablöndunar hefur valdið og mun valda íslenskum laxastofnum skaða. Fjöldi greina hafa verið skrifaðar þar sem vanköntum áhættumats erfðablöndunar er lýst.^{25 26 27}
- ✓ **Laxalús:** Tíðni laxalús á eldisfiski gefur takmarkað vísbendinu um neikvæða áhrif á villta laxfiskastofna. Koma þarf markvissri vöktun á tíðni laxalúsar á villtum laxfiskastofnum framkvæmt af óháðum fagaðila sem er þá mælikvarði hvort sjókvíaeldi á svæðinu sé að hafa neikvæð áhrif á stofnana.²⁸ Setja þarf í reglugerð fyrirframskilgreind viðbrögð um aðgerðir sem gripið er til ef farið er yfir viðmiðunarmörk.²⁹ Hér er t.d. hægt að hafa til fyrirmyndar hvernig staðið er að málum í Noregi.³⁰ Jafnframt þarf að endurskipuleggja sum núverandi og fyrirhuguð eldisvæði m.t.t. laxalúsar og í því sambandi láta gera straumlíkan til að meta reka laxalúsarlífa eins og lagt var til á árinu 2014.³¹
- ✓ **Heilbrigðismál:** Fisksjúkdómar eru mikil ógn fyrir fiskeldi og stórfelld tjón hafa átt sér stað í sumum löndum eins og t.d. í Færeyjum.³² Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið árið 2019 m.a. vegna heilbrigðismála og bent á leiðir eða fyrirbyggjandi aðgerðir sem þykja sjálfsgæðar í nágrannalöndum.³³ Það er með ólíkindum að þessar tillögur hafi ekki náð fram að ganga, væntanlega vegna þess að sumum hefur

²² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/09/14.-Morgunbladid-2021-08-09.pdf>

²³ <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4916.pdf>

²⁴ <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4916.pdf>

²⁵ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/12/Ahaettumat-erfdablondunar-i-umhverfismati-aaetlanna-08.12.2021.pdf>

²⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/Fiskeldisfrettir-02.07.2020.pdf>

²⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/03/Fiskeldisfrettir-nr.-3-2020.pdf>

²⁸ <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4916.pdf>

²⁹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2019/06/Fylgiskjal-2.-Athugasemdir-vi%C3%B0-stefnum%C3%B3tunarsk%C3%BDrsluna.pdf>

³⁰ <https://www.hi.no/hi/temasider/akvakultur/trafikklssystemet-hi-sin-kunnskap>

³¹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2016/12/VIG2014-Sk%C3%BDrsla-nefndar-um-leyfisveitingar-og-eftirlit-%C3%AD-fiskeldi.pdf>

³² https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/valdimar-ingi-gunnarsson.pptx

³³ <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4916.pdf>

eflaust þótt þeim fylgja of miklar hömlur og kostnaður. Það er full ástæða að fara yfir skipulag m.t.t. smitþröskulda og flutnings á fiski og búnaði á milli svæða.³⁴

- ✓ *Lífrænt álag:* Eftirlit með lífrænu álagi undir sjókvíum er framkvæmt af óháðum fagaðilum og stuðst við erlendan staðal með tiltölulega góðum árangri. Það sem vantar og bent var á árinu 2014 í skýrsla nefndar um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi er heimilað lífrænt álag undir sjókvíum og viðbrögð og lagt til að hafðar verði til viðmiðunar leiðbeiningar frá Noregi og Færeyjum.³⁵ Hér þyrfti að koma til reglugerð þar sem leikreglurnar yrðu skilgreindar og viðbrögð við frávikum. Í reglugerðinni yrði skilgreint hlutverk Umhverfisstofnunar og hvernig eftirliti og sannprófun stofnunarinnar verði háttáð er varðar eftirlit með framkvæmd sýnatöku þriðja aðila.

Stjórnsýsluúttekt á málefnum fiskeldis

„Er ætlunin að úttektin nái yfir alla stjórnsýslu málaflokksins, allt frá undirbúningi löggjafar og setningu afleiddra reglna til eftirlits með starfsemi fyrirtækja í greininni“.

Því er fagnað að farið er út í þessa vinnu og þess vænst að farið verði ofan í saumana á málinu. Í byrjun ársins 2019 gerði undirritaður athugasemd við frumvarp um fiskeldi.³⁶ Í framhaldinu var óskað eftir opinberri rannsókn og gögn m.a. send til allra alþingismanna sem skilaði engum árangri.^{37 38 39} Jafnframt var auglýst í fjölmiðlum eftir viðbrögðum án árangurs.⁴⁰ Til að reyna að upplýsa um vinnubrögðin við undirbúning og gerð laga um fiskeldi var birtur fjöldi greina í fjölmiðlum og eru þær nú allar að finna í tveim útgáfum af Fiskeldisfréttum.^{41 42}

Áhættumat erfðablöndunar hefur verið notað sem úthlutunarkerfi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila. Fjöl margar athugasemdir hafa verið gerðar við áhættumatið og er samaneft greina að finna í tveimur útgáfum Fiskeldisfrétta.^{43 44} Jafnframt hafa verið gerðar alvarlegar athugasemdir við áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlananna⁴⁵ og einnig farið fram á að gerð verði úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar.⁴⁶

Vonandi koma þessi skrif að einhverjum notum við stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar. Af því fjölmörgu sem Ríkisendurskoðun þarf að rannsaka er m.a. eftirfarandi:

- ✓ *Framferði fulltrúa í stefnumótunarhópi:* Fulltrúar í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi hafa gengið hart fram að kveða niður með hótunum gagnrýni á ófagleg og óheiðalega vinnubrögð stefnumótunarhópsins. Kortleggja þarf hverjum var hótað, í hverju hótunin fólst og metinn ávinningurinn af því að fara þessi leið.
- ✓ *Opinberum starfsmönnum hótad:* Fram hefur komið að opinberum starfsmönnum innan leyfisveitingarkerfisins hefur verið hótad. Mikilvægt er að skoða hverjum var hótad og jafnframt hvort og þá hvaða ávinning þeir sem stóðu að hótunum höfðu.

³⁴ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2019/06/Fylgiskjal-2.-Athugasemdir-vi%C3%B0-stefnum%C3%B3tunarsk%C3%BDrsluna.pdf>

³⁵ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2016/12/VIG2014-Sk%C3%BDrsla-nefndar-um-leyfisveitingar-og-efirlit-%C3%AD-fiskeldi.pdf>

³⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemd-vi-fiskeldisfrumvarpi.pdf>

³⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/10/Beini-um-opinbera-ttekt.pdf>

³⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrsluna.pdf>

³⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-haettumat-erfablndunar.pdf>

⁴⁰ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/Fiskeldisfrettir-01.07.2020.pdf>

⁴¹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2020/06/Fiskeldisfrettir-01.07.2020.pdf>

⁴² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/01/Fiskeldisfrettir-nr.-01.08.2021.pdf>

⁴³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2020/11/Fiskeldisfrettir-02.07.2020.pdf>

⁴⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/03/Fiskeldisfrettir-nr.-3-2020.pdf>


⁴⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/12/haettumat-erfablndunar-umhverfismati-aetlanna-08.12.2021.pdf>

⁴⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/11/Fylgiskjal-3.-Beini-um-ttekt-rgiafanevnd-Hafro-22.10.2021.pdf>

- ✓ *Hafa opinberir starfsmenn verið misnotaðir?:* Mikilvægt er að rannsaka samskipti á milli opinberra starfsmanna og íslenskra leppa erlendra fjárfesta. Hvort og þá hvernig óeðlileg tengli hafi myndast, opinberir starfsmenn misnotaðir með það að markmiði að tryggja laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila sem mestum fjárhagslegum ávinningi.
- ✓ *Ráðning opinberra starfsmanna:* Mikilvægt er að skoða ráðningar opinberra starfsmanna í ráðuneyti sem höfðu augljóslega tengingu við forsvarsmenn laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Skoðað verði hvort og í hvaða miklu mæli mikilvægar upplýsingar frá opinberum starfsmanni hafi lekið til íslenska leppa sem hafa unnið fyrir erlenda fjárfesta.
- ✓ *Hagsmunapot:* Skoðað verði hvort og þá hvernig fyrrverandi starfsmenn ráðuneytis sem unnu að stefnumótun fyrir fiskeldi nýttu sínar innanhúsupplýsingar í þágu laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila til fjárhagslegs ávinnings.
- ✓ *Stjórnámálamenn misnotaðir?:* Til að vinna með íslenskum leppum hafa verið fengnir fyrrverandi stjórnámálamenn og jafnvel núverandi til að vinna að fjárhagslegum ávinningi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila. Mikilvægt er að skoða hvort og þá hvernig óheppileg tengli hafi átt sér stað við áhrifamikla aðila sem koma að mikilvægum ákvörðunartökum er varða málefni fiskeldis.

Hér er tekið almennt til orða og á það m.a. að vera hlutverk Ríkisendurskoðunar að horfa yfir sviðið og rannsaka málið sem óháður fagaðili. Miklar vonir eru bundnar við rannsókn Ríkisendurskoðunar og að hún nýtist minni rannsókna sem verður væntanlega á mun breiðari grunni. Sú rannsókn⁴⁷ verður birt í formi rafrænnar bókar „Lög um fiskeldi – Þetta hefur eftirmála“.⁴⁸

Kópavogur þann 13. mars 2022



Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsþjónustan ehf.
valdimar@sjavarutvegur.is

⁴⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/02/Er-refsivert-a-gagnrna-spillingu-Vinnan-framundan.pdf>

⁴⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/02/Bkin.pdf>